

## Frumvarp til laga

### um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006 (viðvera endurskoðenda á aðalfundum).

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. gr.

3. másl. 1. mgr. 107. gr. laganna orðast svo: Í lögaðilum, sem er skylt að kjósa endurskoðanda eða endurskoðunarfyirtæki, skulu endurskoðendur sitja aðalfundi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 146. löggjafarþingi (465. mál) og er nú lagt fram að nýju lítið breytt.

Efnahags- og viðskiptanefnd fjallaði á 146. löggjafarþingi um tvö frumvörp, annars vegar um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, og hins vegar um breytingu á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, þar sem lagt var til að endurskoðendum lífeyrissjóða og hlutafélaga yrði skylt að svara fyrirspurnum sjóðfélaga eða hluthafa um reikningsskil og fjárhagsleg málefni sjóðanna eða félaganna á ársfundum eða hluthafafundum (63. og 64. mál á 146. löggjafarþingi).

Með tilliti til ábendinga Félags löggiltra endurskoðenda varðandi frumvörpin leggur nefndin með þessu frumvarpi til að gerð verði breyting á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, í stað breytinga á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lögum um hlutafélög. Í 3. másl. 1. mgr. 107. gr. laga um ársreikninga segir nú að í félögum, sem hafa hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum, skuli endurskoðendur sitja aðalfundi. Nefndin leggur til að skyldan verði víkkuð út og látin ná til allra lögaðila sem er skylt að kjósa sér endurskoðanda eða endurskoðunarfyirtæki, sbr. 96. og 98. gr. laganna. Skv. 2. mgr. 107. gr. laga um ársreikninga skulu endurskoðendur svara fyrirspurnum á aðalfundi um ársreikning þann sem til umfjöllunar er og þeir hafa áritað eða undirritað. Með breytingunni er gert tryggara að endurskoðandi verði viðstaddur aðalfund og geti því svarað fyrirspurnum um ársreikninginn.